



## Fundargerð

### 13. Fundur Skipulags-, framkvæmda- og umhverfismálanefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn hjá SFU Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, fimmtudaginn 20. febrúar 2020 kl. 18:00. Fundinn sátu Kári Snær Valtingojer, Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir, Rán Freysdóttir, Snjólfur Gunnarsson, og Bergþóra Birgisdóttir. Ingibjörg ritaði fundargerð og Kári stjórnaði fundi.

Dagskrá var eftirfarandi:

**1. Skipulagsfulltrúi Djúpavogshrepps, 17.02.2020. Deiliskipulag Borgarland og Markarland.**

Nefndinni list vel á framkomnar hugmyndir við neðri hluta Borgarlands og óskar eftir að skipulagið verði klárað, þannig að hægt verði að úthluta þessum lóðum.

Varðandi bílskúr við Borgarland 12 vill nefndin að byggingarreitur bílskúrsins verði færður aftar í samræmi við umsókn umsækjanda.

Við Markarland var hugmyndin að útbúa tvær lóðir fyrir raðhús. Lóð 14 gæti verið fyrir allt að þriggja íbúða raðhús og lóðin 10 og 12 gæti verið fyrir allt að fjöggra íbúða raðhús.

**2. Jóhanna s. Reykjalín, bréf 17.02.2020. Umferðaröryggi við Búland.**

Nefndin tekur undir að það sé brýnt að bæta umferðaröryggið við Búland. Formanni falið að óska eftir fundi með fulltrúm Vegagerðarinnar og Sveitarstjóra fyrir næsta nefndarfund.

**3. Míla ljósleiðaravæðing í þéttbýli.**

Formaður gerði grein fyrir framgangi verkefnisins.

**4. Næsti fundur og lok nefndarstarfa.**

Formaður leggur til að nefndin fundi tvisvar í viðbót það er 26. mars og 23. apríl.

Á síðasta fundi nefndarinnar verði útbúið skilablað sem sent verður viðkomandi nefnd í nýju sveitarfélagi.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 19:07. Fundargerðin færð í tölvu, lesin upp, staðfest, prentuð út og síðan undirrituð.

Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir, fundarritari.

Snjólfur Ingibjörg Gunnlaugsdóttir  
Bergþ. B. Te  
Kári Snær Valtingojer